

Nr. 1 Lagt fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, 13. október 2017

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
5 400 300
5 400 301

logos@logos.is
www.logos.is

L Ö G B A N N S B E I Ð N I

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Fullnustudeild
Hlíðasmári 1
201 Kópavogi

Gerðarbeiðandi:

Glitnir HoldCo ehf.
kt. 550500-3530
Ármúla 4
108 Reykjavík

Fyrirsvarsmaður:

Michael Wheeler, stjórnarformaður
kt. 011151-3379
Erlendis

Gerðarpolar:

Útgáfufélagið Stundin ehf.
kt. 480115-0580
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Fyrirsvarsmenn:

Reynir Traustason, stjórnarformaður
kt. 181153-2969
Aðaltúni 20
270 Mosfellsbæ

Reykjavík Media ehf.
kt. 7007151320
Fífuseli 9
109 Reykjavík

Jóhannes Kristján Kristjánsson
kt. 030272-4989
Fífuseli 9
109 Reykjavík

Kröfugerð:

Í samræmi við 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 er þess hér með farið á leit við sýslumannsembættið á höfuðborgarsvæðinu að lögbann verði lagt þá þegar við birtingu gerðarpola, Útgáfufélagsins Stundarinnar ehf. og Reykjavík Media ehf., á fréttum eða annarri umfjöllun byggðri á eða unna upp úr gögnum úr fórum eða kerfum gerðarbeiðanda, sem undirorpin er trúnaði skv. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Óskað er eftir að lögbannið taki bæði til birtingar gagnanna í heild eða hluta og/eða upplýsinga úr gögnunum eða efnislegrar umfjöllunar um þær.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1990 gerir gerðarbeiðandi einnig þá kröfu að gerðarpola, Útgáfufélaginu Stundinni ehf., verði gert að fjarlægja allar fréttar af vefsíðu sinni stundin.is, þar sem framangreind gögn eru birt eða þar sem fram koma upplýsingar eða önnur efnisleg umfjöllun byggð á gögnunum.

Þess er jafnframt krafist að gerðarpolum verði gert að afhenda sýslumanni öll gögn og afrit af þeim, hvort sem þau eru á rafrænu eða öðru formi, sem þeir hafa í fórum sínum og stafa frá gerðarbeiðanda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1991.

Þess er krafist að umbeðin lögbannsgerð verði tekin fyrir tafarlaust án þess að gerðarpola verði tilkynnt um að beiðni þessi sé fram komin með vísan til 3. tl. 3. mgr. 21. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990.

Málflutningsumboð:

Ólafur Eiríksson hrl., LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd gerðarbeiðanda.

Málavextir:

Gerðarbeiðandi er einkahlutafélag sem áður hét Glitnir banki hf. Fjármálaeftirlitið tók 7. október 2008 yfir vald hluthafafundar Glitnis banka hf. á grundvelli 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 og vék frá kjörinni stjórn hans, 8. október 2008. Við stjórn Glitnis banka hf. tók skilanevnd skipuð af Fjármálaeftirlitinu. Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði Glitni banka hf. slitastjórn, 11. maí 2009, á grundvelli 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 44/2009, til þess að annast um slitameðferðina sem síðar var staðfest með úrskurði héraðsdóms 22. nóvember 2010. Nauðasamningur komst á með gerðarbeiðanda og kröfuhöfum hans 14. desember 2015. Á hluthafafundi gerðarbeiðanda, sem haldinn var 23. desember 2015, var ákveðið að breyta félagiformi hans í einkahlutafélag og breyta nafni hans í Glitnir HoldCo ehf.

Gerðarþoli Útgáfufélagið Stundin ehf. (hér eftir nefnt „gerðarþoli Stundin“) er fjölmiðlafyrirtæki sem gefur út dagblaðið Stundina og heldur úti netvefsíðunni stundin.is.

Gerðarþoli Reykjavík Media ehf. (hér eftir nefnt „gerðarþoli Reykjavík Media“) er fjölmiðlafyrirtæki sem heldur úti netvefsíðunni rme.is.

Meðan gerðarbeiðandi hét Glitnir banki hf. hélt hann úti almennri bankastarfsemi, innlána- og fjárfestingarbankastarfsemi á grundvelli laga nr. 161/2002. Á stjórnarfundi

Fjármálaeftirlitsins 14. október 2008 var tekin ákvörðun um að nýr banki í eigu ríkissjóðs, Nýi Glitnir hf., tæki yfir hluta af eignum, réttindum og skyldum Glitnis banka hf. Gerðarbeiðandi var hins vegar áfram eigandi að öllum gögnum úr Glitni banka hf., þar með talið gögnum er undirorpin eru trúnaði á grundvelli 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í desember 2016 varð mikil fjölmiðlaumfjöllun um fjárhagslega hagsmuni dómara við Hæstarétt Íslands tengda gerðarbeiðanda, bæði hlutafjáreign í gerðarbeiðanda og eign í sjóðum á hans vegum. Hófst umfjöllunin með frétt um hlutafjáreign Markúsar Sigurbjörnssonar, þáverandi forseta Hæstaréttar, sem birt var á heimasíðu Ríkisútvarpsins þann 5. desember 2016 (sbr. skjal 21) og fylgt var eftir með umfjöllun í Kastljósi Ríkisútvarpsins og í kvöldfréttum Stöðvar 2 að kvöldi þess sama dags. Í kjölfarið fylgdi umfangsmikil umfjöllun um fjárhagslega hagsmuni Hæstaréttardómara tengda gerðarbeiðanda (sbr. skjöl 19-24). Var ljóst af umfjölluninni að hún byggði á gögnum sem ekki voru aðgengileg almenningi og ekki hafði verið fjallað um annars staðar, svo sem í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Þá var ljóst af umfjölluninni að hún byggði á gögnum og upplýsingum sem undirorpin voru trúnaði skv. 58. gr. laga nr. 161/2002. Birting upplýsinga þeirra sem umfjöllunin byggði á var kærð af Fjármálaeftirlitinu til héraðssaksóknara, sem vinnur nú að rannsókn málsins.

Í október 2017 voru á vef gerðarpóla Stundarinnar og í dagblaði hans, Stundinni, birtar fréttir sem voru afrakstur samvinnu blaðamanna gerðarpóla Stundarinnar, gerðarpóla Reykjavík Media og breska fjölmiðilsins Guardian (sbr. skjöl 1-14 og 16-17). Fréttirnar voru, samkvæmt fréttaumfjölluninni sjálfri, byggðar á gögnum „innan úr Glitni banka“ (sbr. skjal 3 og 16). Var í fréttaflutningnum fjallað ítarlega um viðskipti nafngreindra viðskiptamanna gerðarbeiðanda og tölvupóstsamskipti þeirra við bankann, sem og innbyrðis tölvupóstsamskipti milli fyrrverandi starfsmanna gerðarbeiðanda um viðskiptamenn hans. Fyrirferðarmest í umfjöllun þessari voru hagsmunir og samskipti forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, en um fjölmarga aðra nafngreinda einstaklinga og hagsmuni þeirra var einnig fjallað. Þá voru birtar viðskiptakvittanir úr kerfum gerðarbeiðanda (sbr. skjal 3, bls. 27 og 29) og skjáskot úr kerfum gerðarbeiðanda sem sýndu persónuupplýsingar, upplýsingar um fjármál og upplýsingar um viðskipti viðskiptamanna gerðarbeiðanda (sbr. skjal 3, bls. 26). Dagljóst var að þær upplýsingar sem gerðarpólar höfðu undir höndum voru ekki aðgengilegar almenningi og voru undirorpnar trúnaði skv. 58. gr. laga nr. 161/2002.

Fyrsta frétt um síðarnefnda málið birtist á vettvangi gerðarpóla Stundarinnar þann 6. október 2017, en frá þeim degi hefur gerðarpóli Stundin birt fjölmargar og reglulegar fréttir sem allar eiga það sammerkt að varða málefni og upplýsingar sem undirorpnar eru trúnaði skv. 58. gr. laga nr. 161/2002. Byggir umfjöllun þessi um fjármuni og viðskipti nafngreindra viðskiptamanna gerðarbeiðanda, samkvæmt gerðarpólum sjálfum, á gögnum sem stafa frá gerðarbeiðanda (hér eftir nefnd „gögnin“). Hluta af þessum gögnum, sem gerðarpólar kveðast hafa undir höndum, hafa gerðarpólar beinlínis birt í umfjöllun sinni, en í öðrum tilfellum vísað til og fjallað um efni gagnanna án þess að birta gögnin sjálf. Á tímabilinu 6.-13. október hafa verið birtar alls átta fréttir á vefnum stundin.is sem byggðar eru á trúnaðargögnum í eigu gerðarbeiðanda. Upp úr þessum fréttum hafa aðrir miðlar, svo sem Morgunblaðið/mbl.is, Fréttablaðið/vísir.is, DV/dv.is, Ríkissjónvarpið/ruv.is sem og erlendir fjölmiðlar, unnið fréttir.

Ljóst er að umfjöllunin byggist á umfangsmiklum gögnum sem varða fjölmarga nafngreinda viðskiptamenn bankans. Þá er ljóst að upplýsingarnar eru teknar frá gerðarbeiðanda. Sést það meðal annars af því að í fréttáflutningi gerðarþolenda er vísað til draga að riftunarbréfi til eins viðskiptamanna gerðarbeiðanda sem gerðarbeiðandi hafði undirbúið en ekki látið verða af að senda út (sbr. skjal 3). Má einnig ráða þetta af þeim skjáskotum og skjölum úr kerfum gerðarbeiðanda sem gerðarþolar birtu með umfjöllun sinni, og þeim tölvupóstum milli starfsmanna gerðarbeiðanda sem birtir voru (sbr. skjal 3, bls. 26 og 27). Mörg þessara gagna voru ekki send til aðila sem stóðu utan gerðarbeiðanda og voru sannarlega ekki aðgengileg almenningi. Ekki er vitað hver stóð að því að komast umræddum gögnum í hendur gerðarþola, í trássi við þagnarskyldu skv. 58. gr. laga nr. 161/2002.

Fyrirhuguð er frekari umfjöllun sem byggir á umræddum gögnum. Í umfjöllun Guardian hefur komið fram að umfjöllunin sé unnin úr gríðarlegu miklu magni af gögnum sem blaðamenn allra miðlanna þriggja hafi aðgang að. Í innleggi á Facebook-vegg sínum þann 11. október sl. sagði Jón Trausti Reynisson, ritstjóri og framkvæmdastjóri gerðarþola Stundarinnar: „Umfjöllun Stundarinnar um gögn sem fengin eru með samstarfi við The Guardian og Reykjavík media heldur áfram. [...]“ (sbr. skjal 15). Síðan þá hafa tvær fréttir til viðbótar verið birtar á vefsíðu gerðarþola Stundarinnar: Ein þann 12. október og ein þann 13. október. Í innleggi á Facebook-vegg sínum þann 13. október sl. sagði Jóhann Páll Jóhannsson, blaðamaður gerðarþola Stundarinnar: „Stundin heldur áfram fréttáflutningi af viðskiptum [...]. Gögnin sem Stundin og The Guardian hafa unnið upp úr varpa ljósi á [...]“ (sbr. skjal 17). Gefur þetta skýrlega til kynna að umfjöllun gerðarþola sé ekki lokið, heldur sé enn verið að vinna úr hinum stolnu gögnum og frekari fréttu byggðum á þeim sé að vænta.

Málsástæður og lagarök gerðarbeiðanda:

Lögbannsbeiðni þessi er sett fram á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 og telur gerðarbeiðandi að öllum skilyrðum um að beiðnin megi ná fram að ganga sé fullnægt. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum skilyrðum fyrrnefndrar greinar.

Lögvarinn réttur gerðarbeiðanda

Gerðarbeiðandi byggir á því að birting á upplýsingum og gögnum úr kerfum gerðarbeiðanda sé ólögmat og brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda. Það rökstyður gerðarbeiðandi með eftirfarandi hætti:

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að sá sem veiti viðtöku upplýsingum af því tagi sem um geti í 1. mgr. sé bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greini. Brot gegn reglum um bankaleynd geta haft í för með sér ýmsar afleiðingar að lögum, svo sem stjórnvaldssektir, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 161/2002, sektir eða fangelsi, sbr. 22. tölul. 112. gr. sömu laga. Þá geta brot gegn ákvæðinu leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

Eins og rakið er hér að framan innihalda gögn þau sem beiðnin varðar upplýsingar um viðskipta- og einkamálaefni viðskiptamanna gerðarbeiðanda sem starfaði sem

fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 þegar upplýsingarnar urðu til. Það er því ljóst að afhending umræddra gagna til gerðarpola braut gegn ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, enda er slík afhending óheimil nema að skylt sé að veita upplýsingarnar samkvæmt lögum. Jafnframt er ljóst að birting gerðarpola á umræddum upplýsingum er í andstöðu við ákvæðið og ákvæði 2. mgr. sömu greinar, enda er sá sem móttækur slíkar upplýsingar bundinn trúnaði með sama hætti og starfsmenn fjármálafyrirtækis.

Verði ekki fallist á lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda, er verið að viðhalda ólögumætu haldi gerðarbeiðenda á upplýsingunum og notkun hans og birtingu á þeim upplýsingum.

Þær upplýsingar sem gerðarpolar hafa yfir að búa um viðskiptamenn gerðarbeiðanda njóta enn fremur verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994, til friðhelgi einkalífs. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið staðfest að á aðildarríkjum hvíli ekki aðeins skylda til þess að forðast að brjóta gegn friðhelgi einkalífsins heldur og jafnframt almenn skylda til þess að tryggja raunhæf réttindi samkvæmt sáttmálanum og er lögbann meðal þeirra úrræða sem nýta má í þeim tilgangi.

Þótt fjölmiðlar njóti almennt verndar tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 1. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, geta þau réttindi ekki ein og sér heimilað gerðarpolum að birta upplýsingar úr ólöglega fengnum gögnum um einkamálefni annarra aðila sem jafnframt njóta ríkrar verndar. Af 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, leiðir jafnframt að heimilt er að takmarka tjáningarfrelsi að því gefnu að slík takmörkun uppfylli þrjú tiltekin skilyrði.

Í fyrsta lagi að um slíka takmörkun sé mælt í lögum. Þetta skilyrði byggist fyrst og fremst á þeim forsendum að borgurunum þurfi að vera ljósar þær skorður sem þeim eru settar og að þeir geti hagað sér í samræmi við það. Þá má hin lögmælt takmörkun ekki vera of almenn heldur verður hún að vera bundin við ákveðnar aðstæður eða tilvik, þannig að ekki leiki vafi til hvaða aðstæðna hún nær. Ljóst er að þetta skilyrði er fyrir hendi. Þannig er sérstaklega kveðið á um það í 1. og 2. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002 að þeir sem fá upplýsingar um viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna fjármála séu bundnir þagnarskyldu. Þessi lögmælt takmörkun á tjáningarfrelsi er skýr og afmarkað er við hvaða aðstæður hún gildir.

Í öðru lagi að slík takmörkun byggist á lögmætum markmiðum. Í þessu skilyrði fellst að takmörkunin verður að vera studd við eitthvert þeirra markmiða sem talin eru í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þ.m.t. réttindi og mannorð annarra. Það er ekki nauðsynlegt að markmiðið sé orðað nákvæmlega í lagaheimildinni sjálfri en það þarf hins vegar að vera unnt að sýna fram á tengsl hennar við 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst er að þetta skilyrði er uppfyllt, enda er ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 ætlað að vernda réttinn til friðhelgi einkalífs. Þannig er sérstaklega kveðið á um að þagnarskyldan varði allt það sem varðar *viðskipta- eða einkamálefni* viðskiptamanna og önnur atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Tilgangur ákvæðisins er því að vernda réttindi annarra og af því leiðir að ákvæðið byggir á lögmætum markmiðum í skilningi 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þriðja lagi þarf slík takmörkun að vera þannig að hún sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu leiðir að tjáningarfrelsið er hvorki algjört eða án takmarkana þegar það rekst á önnur réttindi sáttmálans heldur ber ríkinu

skylda til þess að meta það hvort slík réttindi réttlæti það að takmarka tjáningarfrelsið. Gerðarbeiðandi telur ljóst að þetta skilyrði sé uppfyllt, enda hefur löggjafinn talið að sérstök ástæða sé til þess að vernda upplýsingar sem safnast hjá fjármálafyrirtækjum um viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna. Það liggur fyrir að gerðarpólar hafa nú þegar með ólögætum hætti fengið afhent margskonar og viðkvæmar fjárhagsupplýsingar og upplýsingar um einkamálefni, sem og um eignir einstaklinga í peningamarkaðssjóðum og um tölvupóstsamskipti einstaklinga við gerðarbeiðanda. Löggjafinn hefur talið að það sé nauðsynlegt að vernda einstaklinga fyrir birtingu slíkra gagna og hafa viðskiptamenn gerðarpóla því rétt á því lögum samkvæmt að um lík gögn sé ekki fjallað opinberlega eða þau rædd í fjölmiðlum.

Af framangreindu leiðir að takmörkun 1. og 2. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002 á tjáningarfrelsi gerðarpóla uppfyllir öll skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Þess skal einnig getið að umfjöllun fjölmiðla um viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna bankans getur falið í sér brot gegn lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Auk framangreinds er ekki útilokað að birting upplýsinganna geti leitt til skaðabótaskyldu af hálfu gerðarbeiðanda. Þannig liggur fyrir að umtalsverðu magni gagna, sem voru í vörslu gerðarbeiðanda, var stolið. Þar á meðal eru persónuupplýsingar sem varða núverandi og fyrrverandi viðskiptamenn gerðarbeiðanda, svo sem um eignir þeirra, viðskipti og samskipti við gerðarbeiðanda. Ljóst er að birting slíkra upplýsinga getur rýrt orðspor einstaklinga, valdið þeim verulegum óþægindum, vanlíðan og andlegum þjáningum. Verði talið að varðveisla gerðarpóla á upplýsingunum hafi ekki verið fullnægjandi getur það leitt til þess að gerðarbeiðandi verði gert að bæta það tjón sem viðskiptamenn hans verða fyrir vegna birtingu upplýsinganna. Áframhaldandi birting upplýsinganna getur því valdið verulegu tjóni fyrir gerðarbeiðanda.

Með vísan til alls framangreinds byggir gerðarbeiðandi á að hann hafi sannað eða gert sennilegt að háttsemi gerðarpóla brjóti og muni halda áfram að brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Í þessu sambandi verður að líta til þess að sönnunarreglur um þetta atriði er vægari en í einkamálum, enda verður gerðarbeiðandi aðeins gert að gera rétt sinn sennilegan.

Byrjuð athöfn sem gerðarpóli framkvæmir

Gerðarbeiðandi telur einsýnt að því skilyrði að athöfn sé byrjuð eða yfirvofandi og hún sé framkvæmd af gerðarpólum sé fyrir hendi skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, með vísan til málsástæðna og gagna í málinu, enda hafa gerðarpólar nú birt fjölmargar fréttir byggðar á og upp úr gögnunum, eins og nánar var rakið hér að framan. Þá hefur umfjöllun Guardian og ummæli blaðamanna gerðarpóla Stundarinnar gefið til kynna að umfjöllun gerðarpóla, byggð á gögnunum, sé ekki lokið og að enn sé verið vinna úr hinum stolnu gögnum. Er þannig hafið yfir allan vafa að gerðarpólar hafa komið á ákveðnu ástandi sem hægt er að stöðva með lögbanni að uppfylltum öðrum skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Réttindi fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði gerðarbeiðandi knúinn til að bíða dóms um þau, reglur skaðabóta- eða refsiréttar vernda hagsmuni gerðarbeiðanda ekki nægilega, og hagsmunir gerðarbeiðanda að lagt verði á lögbann eru margfalt meiri en hagsmunir gerðarþola

Gerðarbeiðandi telur útilokað að hann geti tryggt hagsmuni sína með öðrum hætti og að réttindi hans fari forgörðum eða hann verði fyrir teljandi spjöllum og skilyrði 1. mgr. 24. gr. séu því uppfyllt hvað þetta varðar.

Með lögbanninu leitast gerðabeiðandi einnig við að koma í veg fyrir að hann verði skaðabótaskyldur vegna upplýsinga sem birtar eru í fréttum gerðarþola. Eins og áður segir er um að ræða gögn í eigu gerðabeiðanda sem hefur verið stolið og ekki er útilokað að talið verði að gerðarbeiðandi beri ábyrgð á því að upplýsingarnar komust í umferð. Þá telur gerðarbeiðandi ljóst að umrædd miðlun gerðarþola skaði ímynd og orðspor gerðarbeiðanda, enda er tekið fram í fréttum gerðarþola að umfjöllunin byggir á gögnum sem koma innan úr gerðarbeiðanda. Áframhaldandi birting upplýsinga úr gögnunum er til þess fallin að skaða orðspor gerðarbeiðanda og starfsmanna hans enn frekar.

Með lögbanninu leitast gerðarþoli einnig við að koma í veg fyrir að hann að verði skaðabótaskyldur vegna upplýsinga sem birtar eru í fréttum gerðarþola. Eins og áður segir var gögnunum stolið úr kerfum gerðarbeiðanda og ekki er útilokað að talið verði að gerðarbeiðandi beri ábyrgð á því að upplýsingarnar komust í umferð. Þá telur gerðarbeiðandi ljóst að umrædd miðlun gerðarþola skaði ímynd og orðspor gerðarbeiðanda, enda er tekið fram í fréttum gerðarþola að umfjöllunin byggir á gögnum sem koma innan úr gerðarbeiðanda. Áframhaldandi birting upplýsinga úr gögnunum er til þess fallin að skaða orðspor gerðarbeiðanda enn frekar.

Við mat á kröfu gerðarbeiðanda verður að líta til þess að ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar annars staðar. Lögbann við birtingu gerðarþola er því til þess fallið að vernda réttindi gerðarbeiðanda.

Sú vernd sem reglur skaðabótaréttar veita er ekki til þess fallin að tryggja hagsmuni gerðarbeiðanda nægilega enda verður að telja verulegum annmörkum háð, að öllum líkindum ómögulegt, fyrir gerðarbeiðanda að sýna fram á að skilyrðum skaðabótaskyldu gerðarþola sé fullnægt. Þá liggur ekki fyrir hver ber ábyrgð á því að gögnin komust í hendur gerðarþola. Einnig verður að líta til þess að þótt ljóst megi vera að um fjárhagslegt tjón sé að ræða, þá er illmögulegt að segja til um hvert tjón af birtingu efnisins kann að verða. Til að mynda er illmögulegt að áætla um hversu marga viðskiptavinum birtar verða upplýsingar um. Í því sambandi verður að horfa til þess að í nýjustu frétt gerðarþola er að finna upplýsingar um lánveitingar til svokallaða „Engeyinga“ og viðskiptafélaga þeirra. Þar er að finna upplýsingar um lánveitingar til einstaklinga, kennitölur þeirra og reikningsnúmer. Þá er erfitt að mæla það tjón á ímynd og orðspori gerðarbeiðanda sem af háttsemi gerðarþola hlýst. Af þeim sökum leiðir ólögmet háttsemi gerðarþola til skerðingar á réttindum gerðarbeiðanda þannig að ekki verði bætt úr síðar.

Enn fremur verður ekki séð að réttarreglur refsiréttarins verndi lögvarða hagsmuni gerðarbeiðanda, enda getur hin ólögmeta háttsemi haldið áfram um margra mánaða skeið með tilheyrandi skerðingu á hagsmunum gerðarbeiðanda ef reiða ætti sig á þær reglur hér.

Að mati gerðarbeiðanda liggur jafnframt fyrir að gerðarþoli hafi enga hagsmuni sem njóti lögverndar af því að birta upplýsingar úr gögnunum. Þvert á móti hefur löggjafinn sérstaklega ákveðið að upplýsingarnar skuli verndaðar strangri þagnarskyldu samkvæmt 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002. Því eru hagsmunir gerðarbeiðanda samkvæmt ofangreindu mun meiri en hagsmunir gerðarþola af því að birta upplýsingarnar.

Að öllu framansögðu virtu þykir gerðarbeiðanda hann hafa sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 og því beri að fallast á beiðni hans um lögbann.

Krafa um að fréttir verði fjarlægðar og afhendingu gagna

Eins og rakið er hér að framan brýtur fréttarflutningur gerðarþola gegn 58. gr. laga nr. 161/2002. Til þess að koma í veg fyrir að þessu ólögmeta ástandi verði viðhaldið gerir gerðarbeiðandi kröfu um að gerðarþola Stundinni verði gert að fjarlægja allar fréttir af vefsíðu sinni, stundin.is, sem byggja á gögnum frá gerðarbeiðanda. Krafan byggir á heimild í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1991.

Gerðarbeiðandi gerir einnig kröfu um að gerðarþolum verði gert að afhenda sýslumanni öll gögn og afrit af þeim sem þeir hafa í fórum sínum sem stafa frá gerðarbeiðanda. Krafan byggir á því að hætta er á því að gerðarþolar muni halda áfram að birta upplýsingar úr gögnunum eða afhenda þau til annarra aðila. Þessi gögn voru fengin með ólöglegum hætti úr fórum og kerfum gerðarbeiðanda. Fyrir liggur að blaðamenn gerðarþola Stundarinnar hafa lýst því yfir að frekari birting upplýsinga og gagna sé yfirvofandi. Verði ekki fallist á kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu gagnanna og allra afrita af þeim er verið að viðhalda ólögmetu ástandi í andstöðu við 58. gr. laga nr. 161/2002. Krafan byggir á heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1991.

Um tryggingu:

Farið er fram á að trygging til bráðabirgða verði felld niður með tilvísun til 3. mgr. 26. gr. sbr. 8. gr. laga nr. 31/1990 svo og endanleg trygging sbr. 2. mgr. 30. gr. sömu laga þar sem um augljóst brot gegn rétti gerðarbeiðanda er að ræða. Þá sé ekki mögulegt að gerðarþoli verði fyrir tjóni vegna aðgerðarinnar.

Taki sýslumaður hins vegar ekki þessar kröfur til greina mun gerðarbeiðandi setja tryggingu til bráðabirgða sem áskilin kann að vera, til þess að gerðin verði tekin fyrir, að fenginni tilkynningu frá embættinu.

Um varnarþing, aðild og fl.:

Sú athöfn sem lögbanns er beiðst við fer fram innan lögsögumarka sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og því beinir gerðarbeiðandi lögbannsbeiðni til þess embættis, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990.

Þessi lögbannsbeiðni er sett fram á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990. Ítrekar gerðarbeiðandi að öll skilyrði til að beiðnin megi ná fram að ganga séu til staðar.


Lögbannsbeiðninni er beint bæði að Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf. Ástæðan er sú að í fréttum gerðarþola kemur fram að þær séu unnar í samvinnu gerðarþola

Stundarinnar og Reykjavík Media ásamt breska blaðinu Guardian. Lögmenn gerðarbeiðanda á Englandi eru síðan að skoða réttarstöðu gerðarbeiðanda gagnvart Guardian samkvæmt enskum lögum.

Óskað er eftir því að umbeðin lögbannsgerð verði tekin fyrir tafarlaust án þess að gerðarpola verði tilkynnt um að beiðni þessi sé fram komin með vísan til 3. tl. 3. mgr. 21. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990. Eins og fram hefur komið eru þær athafnir sem lögbanns er beiðst við þegar hafnar og nauðsynlegt að bregðast skjótt við.

Verði sýslumaður ekki við kröfu um að leggja á lögbann án boðunar gerðarpola, og frestar málinu til fyrirtöku með gerðarpola, er þess krafist að sýslumaður leggi þegar fyrir gerðarpola, skv. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 31/1990 að láta af boðaðri aðgerð á meðan beiðnin er til afgreiðslu hjá embættinu.

Virðingarfyllt
LOGOS lögmennspjónusta



Olafur Eiríksson, hrl.

Eftirtalin skjöl eru lögð fram með beiðni þessari:

1. Útprintun af visir.is; Ræddu riftanir á úttektum auðmanna, dags. 9.12.2016.
2. Útprintun af Stundinni; Benedikt forðaði 500 milljónum úr Glitni fyrir þjóðnýtingu og sendi til Flóríða, dags. 9.12.2016.
3. Blað Stundarinnar gefið út 6.10.2017
4. Útprintun af Stundinni; Engar innherjaupplýsingar segir Bjarni, dags. 6.10.2017.
5. Útprintun af Stundinni; Seldi í Sjóði 9 sama dag og neyðarlögin voru sett, dags. 6.10.2017.
6. Útprintun af Stundinni; Seldi 1200 milljónir í Sjóði 9 tveimur tímum fyrir lokun, dags. 6.10.2017.
7. Útprintun af Stundinni; Loksins vitum við, dags. 6.10.2017.
8. Útprintun af Stundinni; "Bjarni Ben segir að FME séu á skrilljón að vinna í þessu núna", dags. 6.10.2017.
9. Útprintun af Stundinni; Segir stöðu Sjóðs 9 og Glitnis hafa verið ótengda, dags. Útprintun af Stundinni; Benedikt var leystur undan sjálfskuldarábyrgð skömmu fyrir þjóðnýtingu Glitnis, dags. 6.10.2017.
10. Útprintun af Stundinni; Seldi tveimur dögum eftir fund um "með hvaða hætti ríkisstjórnin getur komið að lausn vanda bankanna", dags. 7.10.2017.
11. Útprintun af Stundinni; Segir stöðu Sjóðs 9 og Glitnis hafa verið ótengda, dags. 7.10.2017.
12. Útprintun af Stundinni; Bjarni bað um "reglulegt samband" við bankastjóra Glitnis í aðdraganda hrunsins, dags. 8.10.2017.

13. Útprentun af mbl.is; Segir ummæli Bjarna kolröng; dags. 10.10.2017.
14. Útprentun af Stundinni; Forsætisráðherra bregst harkalega við fréttáflutningi, dags. 10.10.2017.
15. Útprentun af facebook; Flýttu birtingu til að minnka skaðann, dags. 10.10.2017.
16. Útprentun af Stundinni; Vitnisburður Bjarna Benediktssonar í Vafningsmálinu stangast á við gögn, dags. 11.10.2017.
17. Útprentun af Stundinni; Engeyingarnir fengu tveggja milljarða kúlulán til að eignast Ólíufélagið, dags. 13.10.2017.
18. Útprentun af facebook; Engeyingarnir fengu tveggja milljarða kúlulán til að eignast N1, dags. 13.10.2017.
19. Útprentun af ruv.is; Markús átti tugi milljóna í Glitni, dags. 5.12.2016.
20. Útprentun af ruv.is; Enginn virðist hafa vitað af viðskiptum dómara, dags. 5.12.2016.
21. Útprentun af ruv.is; Markús tilkynnti um hlutabréfaviðskipti sín, dags. 6.12.2016.
22. Útprentun af ruv.is; Segir Markús vanhæfan fyrir og eftir hrun, dags. 7.12.2016.
23. Útprentun af vísi.is; Kvöldfréttir Stöðvar 2: Hæstaréttardómari umsvifamikill í viðskiptum en dæmdi samt, dags. 5.12.2016.
24. Útprentun af vísi.is; Fjórir dómara tópuðu umtalsverðum fjárhæðum á Glitni, dags. 6.12.2016.
25. Útprentun úr hlutafélagaskrá vegna Útgáfufélagsins Stundarinnar ehf.
26. Útprentun úr hlutafélagaskrá vegna Reykjavík Media ehf.
27. Útprentun af ruv.is; Flýttu birtingu til að minnka skaðann, dags. 10.10.2017.

Til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu